

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Seyðisfirði



<b>Dags eftirlits</b>	20.6.2012	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606952069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurður Tómasson	<b>Staðsetning</b>	733858,42	539323,093

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik fannst við eftirlit, en engin önnur athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Seyðisfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Bæta má skráningar á mælingum og eftirliti með olíuskilju. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Tveir geymar eru í stöðinni með svartolíu og flotaolíu. Báðir hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Þrýstiprófanir tveggja lagna eru eldri en 5 ára og því er gerð krafa um að þær verði þrýstiprófaðar við fyrsta tækifæri, þ.e. lagnir nr. 710.60.00 og 710.70.00.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (bró) og olíuskilja. Girðingar og hlið voru í lagi.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
ákvæði í grein 3.2 í starfsleyfi um eftirlitsmælingar	Þrýstiprófa skal lagnir í olíubirgðastöð á 5 ár á fresti. Lagnir nr. 710.60.00 og 710.70.00 voru síðast þrýstiprófaðar árið 2006. Krafist er nýrrar þrýstiprófunar á lögnunum.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir við stöðina voru gerðar.

## ANNAÐ

Olíudreifing hefur útbúið mánaðarblöð til skrásetningar á skoðunum og mælingum í stöðinni, t.d. fyrir skráningu mælinga sem gerðar eru í sandfangi og olíuhólfi í olíuskilju. Mælst er til þess að umsjónarmenn stöðvarinnar skrái mælingar á mánaðarblöð og þau séu aðgengileg í eftirliti.

Reykjavík, 11.07.2012

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.